

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands

Fimmtudaginn 30. maí 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Ingólfur Elíasson (IE), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Sigrún Agata (SA),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var fundargerðin borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Formaður flutti samantekt frá þingi Alþjóða Íshokkísambandsins (IIHF) í Prag. Þar má helst nefna að IIHF hyggst á næstu 2 árum herða eftirlit með því að aðildarlönd sambandsins uppfylli lágmarks staðla (minimum standards). Því er verulega aðkallandi að stuðla að því að 4 liðið verði til í landinun til þess að við missum ekki keppnisrétt og önnur réttindi sem við njótum innan vébanda IIHF. Kosið var um keppnisstaði fyrir mótahald IIHF fyrir árið 2025. Okkar lið keppa á eftirfarandi stöðum.

Karla lið fer til Dunedin á Nýja Sjálandi 27. apr til 3. maí

Kvenna lið fer til Bytom í Póllandi 7. til 13. apr

U20 karla fer til Belgrad í Serbíu 19. til 25. Jan

U18 karla fer til Metapec í Mexíkó 2. til 8. mars

U18 kvenna fer til Istanbúl í Tyrklandi 18. til 24. Janúar.

Farið var yfir dagskrá komandi formannafundar og ákveðið var að formaður ÍHÍ myndi setja fundinn og síðan myndi framkvæmdastjóri sambandsins annast fundarstjórn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.